

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aðila, sem framleiða mjólk og selja hana beint til neytenda.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir reikningsskil um tekjur af verðálagi samkvæmt 1. gr. og um ráðstöfun þeirra. Reikningsskil þessi skulu endurskoðuð af endurskoðendum Framleiðsluráðs.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl., og hún öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 27. maí 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með botn- og flotvörpu umhverfis Kolbeinsey.

1. gr.

Frá og með 28. maí 1975 eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar í íslenskrí fiskveiðilandhelgi innan markalínu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá Kolbeinsey (67°08'8 n.br., og 18°40'6 v.lg.).

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkv. ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jón L. Arnalds.